



Umsögn um
skólanámskrá
Sjáländsskóla

Foreldraráð Sjáländsskóla

15. maí 2006

Foreldraráð Sjúlandsskóla, skólaárið 2005-2006, hóf störf í október 2005 strax að loknum stofnfundi/aðalfundi foreldrafélags og foreldraráðs Sjúlandsskóla. Foreldraráð fundaði mánaðarlega en naut þeirrar nýbreytni í skólastarfi að fá að starfa með svokölluðu skólaráði sem var skipað af stjórnendum, kennurum og öðru starfsfólki skólans ásamt foreldraráði. Þetta fyrirkomulag var til mikilla hagsbóta fyrir foreldra og færðust þeir nær starfi skólans og fengu á þennan hátt tækifæri til að koma að sínum sjónarmiðum enda afar mikill vilji af skólans hálfu að vinna með foreldrum.

Eftirfarandi er umsögn foreldraráðs um námskrá Sjúlandsskóla fyrir skólaárið 2006-2007. Hafa verður í huga við lestur hennar að ekki er síður um að ræða umsögn um skólastarf þessa skólaárs þar sem uppgjör skólaársins 2005-2006 er ekki lokið og formleg skólanámskrá næsta árs ekki fullbúin. Slíkt er eðlilegt þar sem Sjúlandsskóli er nýr skóli og í sífelldri mótun. Þrátt fyrir þetta er mjög leiðbeinandi að skoða hvað foreldrar hafa verið ánægðir með í starfi þessa skólaárs og fram koma einnig ábendingar um það sem foreldrar vildu sjá skýrar í starfi næsta vetrar.

Einkunnarorð Sjúlandsskóla eru - Að vilja og virða - og skólinn leggur áherslu á að um sé að ræða vinnustað margra ólíkra einstaklinga sem sýna hverjir öðrum hlýhug og umhyggju. Hugmyndastefna skólans var afar vel undirbúin og unnin þegar skólastarf Sjúlandsskóla hófst og var það mat foreldra að hún endurspegladist vel í starfinu, jafnvel þó um fyrsta starfsár skólans væri að ræða.

Unnið var að gerð skólareglna fyrir skólann strax haustið 2005 í samvinnu við nemendur skólans og var sú vinna afar skemmtileg og gagnleg. Vinnan endurspegladist það nemendalýðræði sem annars hefur einkennt allt starf skólans og var það til mikillar fyrirmyndar. Áframhald var á vinnu að reglum, þannig að reglur voru aðlagðar að nokkru marki eftir því sem reynsla komst á starfið. Lögð var áhersla á að tryggja góðan vinnufrið og að reglur væru skýrar.

Foreldraráð er einhuga um að vel hafi verið staðið að þessum þætti í skólanum og hugað að því í hvívetna að reglum væri fylgt eftir og öllum liði vel. Skólinn tók meðal annars þátt í verkefni sem hafði það að markmiði að funda með nemendum og fá þá til að tjá sig um líðan í skólanum, vináttu og aðra slíka þætti. Foreldraráð fékk einnig upplýsingar um að skólinn fylgdist vel með mætingu nemenda í skólann og ef ekki væri búíð að tilkynna forföll væri hringt í foreldra nemenda áður en fyrstu kennslustund lyki að morgni til að athuga hvað skýri fjarveru nema.

Mjög mikilvægt er að sjá þennan þátt áfram í sama farvegi á næsta skólaári, skýrar reglur og eftirfylgni, áhersla á vellíðan nemenda og vinnufrið.

Sjálандsskóli mun á næsta skólaári áfram fylgja samræmdu skóladagatali Garðabæjar og er afar mikil ánægja með það fyrirkomulag í hópi foreldra.

Sjálандsskóli hefur það fyrirkomulag að í 1.-6. bekk eru allir með sama kennslustundafjölda og skapar það mjög skýran ramma utan um kennslutíma skólans.

Skólaráð ræddi á starfsárinu ýmislegt sem skerpa mætti enn frekar á næsta starfsári skólans. Eitt af þeim atriðum sem rædd voru var að haustfundir með nemanda og foreldrum myndi nýtast til skipulags á áherslum í námi hvers barns. Þá mætti huga enn frekar að einstaklingsmiðun náms í tungumálakennslu.

Morgunfundir í stiga skólans voru strax frá upphafi ríkur þáttur í námi barnanna og boðið var upp á ýmsa skemmtilega menningarviðburði. Foreldraráð var einhuga um að afar vel hefði tekist að flétta námsgreinar inn í lotuvinnu nemenda, útikennsla auðgaði nám nemenda enda umhverfi skólans uppspretta margra viðfangsefna, íþróttakennsla þótti takast afar vel og mjög metnaðarfull kennsla var í upplýsinga- og tæknimennt. Nemendur fengu val um að vinna að einstaklingsverkefni og með því og öðrum verkefnum var unnið að því að styrkja sjálfstæði og frumkvæði nemenda í námi. Skemmtilega var staðið að heimilisfræðikennslu með því að setja fyrir verkefni til að vinna á heimili barnanna í samvinnu við foreldra og mæltist þessi nýbreytni vel fyrir. Almennt var ánægja með fyrirkomulag heimavinnu. Lestur var þáttur í daglegri heimavinnu en að auki sinntu nemendur heimavinnu tengdri lotuvinnu með reglulegu millibili. Alla framangreinda þætti vildu foreldrar sjá þróast áfram á næsta skólaári.

Upplýsingastreymi frá umsjónarkennurum til foreldra jókst jafn og þétt þegar leið á árið og vefsíða skólans var mjög vel uppfærð og gagnleg og færði nám barnanna heim í stofu til foreldra. Mikilvægt er að sjá þennan þátt áfram svo öflugan á næsta skólaári.

Farið hefur verið í ýmsar áhugaverðar vettvangsferðir á vegum skólans sem auðgað hafa nám barnanna og hafa þær komið inn á ýmsar námsgreinar. Þá hefur útikennsla verið partur af námskrá barnanna og til sérstakrar fyrirmyndar hvernig Sjálандsskóli hefur fléttað saman kennslu námsgreina, náttúruskoðun, umhverfisverndarkennslu og líkamshreyfingu í þessum kennslustundum. Foreldraráð fagnar framangreindri nálgun í kennsluháttum og styður eindregið að haldið verði áfram á sömu braut.

Foreldrastarf skólans hefur verið öflugt og stutt mjög vel við það af skólanum. Allar fundargerðir foreldrafélags og foreldraráðs hafa verið birtar á vef skólans.

Það er mat foreldraráðs Sjálandsskóla að einstaklega vel hafi tekist til hjá stjórnendum, kennurum og starfsfólki skólans að vinna sem ein heild að því að skapa þann skólabrag sem hugmyndafræði skólans stefndi að. Foreldrar hafa fundið sig velkomna í skólanum og fengið að koma að skólastarfinu á ýmsan hátt.

Foreldraráð þakkar samskiptin á skólaárinu 2005-2006 og hlakkar til að fylgjast með og taka þátt í frekari uppbyggingu og þróun Sjálandsskóla.

F.h. foreldraráðs Sjálandsskóla
Garðabær 15. maí 2006

Gísli Hólmar Jóhannesson

Þórey S. Þórðardóttir

Kristín Magnúsdóttir

Ragný Þóra Guðjohnsen